

## Stjórnarháttayfirlýsing 2022

### Sjóvá-Almennar líftryggingar hf.

#### Inngangur

Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. (Sjóvá líf) er hlutafélag sem stofnað var 1. maí 1985 en félagið hét Sameinaða líftryggingafélagið hf. (Samlíf) til loka ársins 2003. Félagið á sér þó lengri sögu eða allt frá árinu 1934 þegar líftryggingastarfsemi hófst hér á landi með stofnun Líftryggingadeildar Sjóvár, sem í samræmi við lagabreytingu á árinu 1976 var breytt í hlutafélag undir heitinu Líftryggingafélag Sjóvár.

Félagið er váttryggingafélag og starfar samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995<sup>1</sup>, lögum um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016<sup>2</sup> og lögum um váttryggingasamstæður nr. 60/2017<sup>3</sup> Í samræmi við lög um endurskoðendur nr. 94/2019<sup>4</sup> eru váttryggingafélög skilgreind sem einingar tengdar almannahagsmunum og er sérstaklega kveðið á um hlutverk endurskoðunarnefnda í slíkum einingum í lögum um ársreikninga nr. 3/2006<sup>5</sup>.

Félagið fylgir reglum um stjórnarhætti sem fjallað er um í lögum um hlutafélög og lögum um váttryggingastarfsemi og reglugerð um gildistöku reglugerða ESB um váttryggingastarfsemi og váttryggingasamstæður nr. 940/2018<sup>6</sup>. Stjórn félagsins endurnýjaði starfsreglur sínar þann 4. maí 2022 og eru þær aðgengilegar á sjova.is. Stuðst var við leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins sem tóku gildi í júlí 2021<sup>7</sup> við ritun stjórnarháttayfirlýsingarinnar.

#### Eignarhald og þjónustusamningur

Hluthafar í Sjóvá lífi eru tveir talsins. Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (Sjóvá) eiga 99% hluta og Sjóvá Forvarnahúsið ehf. á 1% hluta. Hlutafé nam 82 m.kr. í árslok 2022.

Sjóvá líf hefur gert þjónustusamning við Sjóvá er lýtur að alhliða þjónustu Sjóvár við Sjóvá líf og viðskiptavini félagsins. Allur daglegur rekstur félagsins er í umsjá Sjóvár.

#### Fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti

Sjóvá líf starfar eins og framan greinir eftir leiðbeiningum um stjórnarhætti og uppfyllir ákvæði þeirra, en á því eru eftirfarandi undantekningar sem hér eru tilgreindar.

Í grein 1.1 eru tilgreindar kröfur þess efnis að hluthafar geti tekið þátt í hluthafafundum rafrænt að hluta til eða öllu leyti og greitt atkvæði án þess að vera á staðnum. Stjórn Sjóvár lífs hefur hingað til ekki talið réttlæt看legt að uppfylla þessar kröfur að teknu tilliti til

<sup>1</sup> [www.althingi.is/lagas/nuna/1995002.html](http://www.althingi.is/lagas/nuna/1995002.html)

<sup>2</sup> [www.althingi.is/lagas/nuna/2016100.html](http://www.althingi.is/lagas/nuna/2016100.html)

<sup>3</sup> [www.althingi.is/lagas/nuna/2017060.html](http://www.althingi.is/lagas/nuna/2017060.html)

<sup>4</sup> [www.althingi.is/lagas/nuna/2019094.html](http://www.althingi.is/lagas/nuna/2019094.html)

<sup>5</sup> [www.althingi.is/lagas/nuna/2006003.html](http://www.althingi.is/lagas/nuna/2006003.html)

<sup>6</sup> <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/940-2018>

<sup>7</sup> <http://leidbeiningar.is/>

samsetningar hluthafahópsins. Fundarboð hluthafafunda hafa ekki verið auglýst opinberlega með tilskyldum boðunarfresti, og hafa hluthafar lýst yfir að þeir falli frá boðunarfresti til þeirra.

Í grein 1.4 er fjallað um skipan og hlutverk tilnefningarnefndar sem er að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu. Stjórn Sjóvár lífs hefur ekki talið þörf á að skipa sérstaka tilnefningarnefnd. Það er mat stjórnar Sjóvár lífs að núverandi fyrirkomulag framboða og stjórnarkjörs hafi gefist vel. Stjórnarmenn þurfa að standast sérstakt hæfismat Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Starfskjaranefnd sem tilgreind er í grein 5.4 og 2.7 hefur heldur ekki verið skipuð þar sem daglegum rekstri Sjóvár lífs og þar með starfsmannahaldi er sinnt af Sjóvá.

#### Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Félagið er dótturfélag Sjóvá-Almennra trygginga hf. Formaður stjórnar félagsins er stjórnarmaður í móðurfélaginu og hafa hluthafar Sjóvár lífs því greiðan aðgang að stjórn þess. Forstjóri móðurfélags er jafnframt framkvæmdastjóri Sjóvár lífs og er allri daglegri starfsemi Sjóvár lífs útvistað til Sjóvá.

#### Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Sjóvá líf hefur enga dóma hlotið fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um váttryggingafélög eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með váttryggingastarfsemi.

#### Innra eftirlit og áhættustýring

Sjóvá og Sjóvá líf lúta eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og hafa félögin komið á samhæfðri áhættustýringu sem nær til allra rekstrarþátta. Sjóvá hefur sett sér áhættustefnu sem tryggir heildarsýn yfir áhættur samstæðunnar, þar með taldar áhættur er snúa að rekstri Sjóvár lífs, og samhæfða stýringu þar á.

Stjórnkerfi og skipulag samstæðunnar eru skráð í gæðakerfi hennar. Leiðbeiningar fyrir starfsmenn miða að því að hver og einn beri ábyrgð á gæðum vinnu sinnar, þjónustu og upplýsingaöryggi. Innra eftirlit er innbyggt í verklagsreglur og eru innri úttektir og áhættugreiningar framkvæmdar reglulega.

Lögð er áhersla á skýra verkaskiptingu og ábyrgð. Uppbygging Sjóvár á eigin starfsemi og starfsemi Sjóvár lífs er í góðu samræmi við þrjár varnarlínur innra eftirlits. Tekið hefur verið saman heildstætt yfirlit um innra eftirlit, sk. áhættukort (e. Assurance map) sem gefur góðar upplýsingar um umfang eftirlits á öllum innri eftirlitsþáttum og gerir kleift að sannreyna niðurstöður og meta eftirlitið og umfang þess. Regluleg skýrslugjöf er varðar afkomu einstakra sviða er mikilvægur þáttur innra eftirlits. Mánaðarlegar skýrslur um rekstrarlega afkomu og fjárfestingar, ársfjórðungslegar skýrslur um áhættustýringu, árlegt eigið áhættu- og gjaldpolsmat og aðrar reglulegar úttektir miða að því að tryggja gagnsæi

í starfseminni og auðvelda félaginu að uppgötva og leiðrétta hugsanlegar skekkjur, fylgjast með frávikum og sveiflum í starfseminni og gefa svigrúm til að bregðast við ef áhættuþættir eða breytingar í rekstrarumhverfi gefa tilefni til. Framkvæmdastjórn Sjóvár fundar að hið minnsta mánaðarlega með áhættu- og öryggisnefnd, ársfjórðungslega er farið yfir stærstu áhættur og einstakir framkvæmdastjórar eiga að lágmarki árlegan fund með áhættu- og öryggisnefnd um áhættur þeirra ábyrgðarsviðs, fjalla um hvernig stýringu og eftirliti með áhættum er háttað og meta hvort það sé fullnægjandi.

Starfssvið áhættustjóra, regluvörslu, tryggingastærðfræðings og innri endurskoðanda teljast til lykilstarfssviða samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi og skulu þeir einstaklingar sem þeim sinna uppfylla sérstakar kröfur um hæfi og hæfni.

Tryggingastærðfræðingur hefur reglulegt eftirlit með því að iðgjaldaskrár endurspegli raunverulega váttryggingalega áhættu og séu í samræmi við afkomumarkmið. Tjónaskuld og endurtryggingavernd félagsins eru metnar með reglulegum hætti og þess gætt að þær séu í samræmi við þarfir félagsins og skuldbindingar þess. Auk þessa tekur tryggingastærðfræðingur saman árlega skýrslu fyrir stjórn félagsins um verkefni sem starfssviðið hefur framkvæmt, niðurstöður þeirra ásamt ábendingum.

Sjóvá hlaut árið 2014 vottun á upplýsingaöryggi samkvæmt ISO/IEC 27001 staðlinum sem staðfestir að rekstur upplýsingakerfa félagsins sé í samræmi við kröfur staðalsins og var vottunin endurnýjuð eftir úttekt sem framkvæmd var í maí 2022.

Endurskoðun ársreiknings félagsins er í höndum KPMG ehf. sem kosið var á aðalfundi árið 2018 fyrir rekstrarárin 2018-2022. Innri endurskoðun er útvistað til Ernst & Young ehf.

### Reglur, stefnur og samfélagsleg ábyrgð

Stjórn samþykkti starfsreglur sínar síðast 4. maí 2022. Reglurnar kveða meðal annars á um hæfi, verkaskiptingu og skyldur stjórnarmanna. Reglurnar ná einnig yfir hlutverk og verksvið stjórnar og framkvæmdastjóra, fyrirsvar stjórnar félagsins, upplýsingagjöf til stjórnar, fundarsköp og fundargerðir, ákvörðunarvald og skipan undirnefndar stjórnar, endurskoðunarnefndar. Hlutverk stjórnar er að hafa eftirlit með því að starfsemi félagsins sé í samræmi við lög og samþykktir og hafa eftirlit með bókhaldi og ráðstöfun fjármuna félagsins. Stjórnin hefur eftirlit með árangri og skilvirkni félagsins og stuðlar að því að markmið félagsins náist.

Stjórn hélt sameiginlega fundi með innri og ytri endurskoðendum og endurskoðunarnefnd um innra eftirlit og áhættustýringu, með og án viðveru starfsfólks félagsins. Mat stjórnar á eigin störfum á árinu 2022 fór fram 23. janúar 2023. Stjórn lagði mat á stærð stjórnar, samsetningu, verklag og starfshætti. Starf stjórnarinnar byggir á fyrir fram samþykktri starfsáætlun og mat stjórnin upplýsingagjöf til stjórnarinnar og aðgengi hennar að gögnum gott. Stjórnin lagði mat á störf undirnefndar stjórnar og frammistöðu framkvæmdastjóra og stjórnarformanns. Einnig var lagt mat á þróun félagsins og niðurstaðan sú að hún væri í samræmi við langtíamarkmið stjórnar og stjórnenda.

Áhættustefna Sjóvár var samþykkt 7. desember 2022. Stjórn Sjóvár hefur samþykkt siðareglur og stefnu um samfélagslega ábyrgð fyrir samstæðuna. Samþykktir Sjóvár lífs,

starfsreglur stjórnar Sjóvár lífs, starfsreglur endurskoðunarnefndar Sjóvár lífs, stefna Sjóvár um samfélagslega ábyrgð og siðareglur Sjóvár eru aðgengilegar á sjova.is.

## Stjórn

Stjórn Sjóvár lífs er skipuð þremur aðalmönnum og tveimur varamönnum. Aðalmenn eru Guðmundur Örn Gunnarsson, stjórnarformaður, Hafdís Böðvarsdóttir og Heiðrún Lind Marteinsdóttir. Varamenn í stjórn eru Elín Þórunn Eiríksdóttir og Grétar Dór Sigurðsson. Stjórnin fundar að lágmarki fjórum sinnum á ári.

Stjórn Sjóvár lífs telur að ákvæðum leiðbeininga um stjórnarhætti er varðar óhæði stjórnarmanna sé fullnægt. Guðmundur Örn, Hafdís, Heiðrún og Grétar teljast óháð Sjóvá lífi, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum.

**Guðmundur Örn Gunnarsson**, stjórnarformaður, fæddur 6. janúar 1963, til heimilis í Garðabæ. Guðmundur var fyrst kjörinn í stjórn Sjóvár lífs 28. apríl 2021, en hafði áður setið í stjórn Sjóvár frá 12. mars 2020. Guðmundur stundaði nám í tryggingastærðfræði og tölvunarfræði við háskólann í Kaupmannahöfn í Danmörku. Guðmundur starfaði í 23 ár hjá Tryggingamiðstöðinni m.a. sem deildarstjóri upplýsingadeildar og hafði umsjón með tölvudeild, var framkvæmdastjóri rekstrarsviðs og framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar. Hann var forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf. (VÍS) og Líftryggingafélags Íslands (Lífis) 2008-2011. Frá 2011-2013 sinnti Guðmundur ýmsum ráðgjafastörfum og þá aðallega við gerð viðskiptaáætlana og gerð stefnumótunar á sviði nýsköpunar. Frá 2014-2022 var hann framkvæmdastjóri CAE Icelandair Flight Training ehf. sem á og rekur flugherma í þjálfunarsetri Icelandair. Guðmundur hefur víðtæka reynslu af stjórnarstörfum bæði sem almennur stjórnarmaður og stjórnarformaður. Hann er í dag stjórnarformaður hjá Vinnslustöðinni hf. og stjórnarmaður hjá BL ehf. og CAE Icelandair Flight Training ehf.

Guðmundur er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

**Hafdís Böðvarsdóttir**, fædd 21. september 1969 til heimilis í Garðabæ. Hafdís lauk prófi til löggildingar í endurskoðun 1997 og Cand.Oecon. frá Háskóla Íslands 1993. Hafdís tók við starfi fjármálastjóra Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga árið 2021 en hafði verið sjálfstætt starfandi frá árinu 2012. Hún var forstöðumaður hjá Landsbankanum hf. 2011-2012, framkvæmdastjóri Avant hf. 2011 og fjármálastjóri sama félags 2008-2011. Endurskoðandi og eigandi hjá KPMG ehf. 1999-2007 og áður sem starfsmaður frá 1993. Hafdís sat í endurskoðunarnefnd Kviku banka og endurskoðunar- og áhættunefnd Kviku eignastýringar 2020-2021. Hún var formaður endurskoðunarnefndar Aska Capital hf. 2009-2010 og sat í endurskoðunarnefnd Reita hf. frá 2013-2015. Hafdís hefur setið í stjórn Sjóvár lífs frá árinu 2014.

Hafdís er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

**Heiðrún Lind Marteinsdóttir**, fædd 3. júlí 1979 til heimilis í Kópavogi. Heiðrún Lind er með meistaraþráðu frá lagadeild Háskólans í Reykjavík 2007 og réttindi til málflytninga fyrir hæstarétti. Heiðrún hefur einnig lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Heiðrún er framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi en hún starfaði áður sem lögmaður á

LEX lögmannsstofu frá 2006 og var í hluthafahópi fyrirtækisins frá 2012-2016. Heiðrún Lind hefur setið í stjórn Sjóvár lífs frá árinu 2014.

Heiðrún Lind er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

#### Varamenn í stjórn

**Elín Þórunn Eiríksdóttir**, fædd 15. desember 1967, til heimilis í Hafnarfirði, er framkvæmdastjóri tjónasviðs, en var framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar Sjóvár frá 2015, og þar áður framkvæmdastjóri sölu og ráðgjafar frá 2012. Elín er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1993. Hún var framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og forstöðumaður sölueininga Símans hf. 2006-2010. Hún starfaði hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands 1997-2005 lengst af sem forstöðumaður sölueininga. Elín hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum, og hefur setið í stjórnnum Valitors hf., Símans hf., Radíómiðunar ehf. og Staka Automation ehf. Elín hefur verið varamaður í stjórn Sjóvár lífs frá árinu 2013 en hún sat í stjórn félagsins árið áður. Elín er háð félaginu, daglegum stjórnendum en óháð stórum hluthöfum félagsins.

**Grétar Dór Sigurðsson**, fæddur 27. febrúar 1982, til heimilis á Seltjarnarnesi. Héraðsdómslögmaður frá árinu 2008. M.Jur. frá lagadeild Háskóla Íslands árið 2008. Grétar hóf störf sem fulltrúi á Lögfræðistofu Reykjavíkur í september 2007 en varð meðeigandi að stofunni 1. maí 2012. Grétar sat í stjórn Orators, félags laganema, veturinn 2004-2005. Hann hefur annast kennslu í samningarétti í námi til löggildingar fasteignasala auk stundakennslu í félagarétti við lagadeild Háskóla Íslands. Grétar Dór hefur verið varamaður í stjórn frá árinu 2014. Hann er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Stjórn Sjóvár lífs átti 8 fundi á árinu 2022 og voru allir fundir fullmannaðir.

#### Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd starfar eftir starfsreglum á grundvelli IX. kafla A. í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Í 108. gr. kveður á um skyldu eininga tengdum almannahagsmunum að starfrækja endurskoðunarnefnd. Endurskoðunarnefnd Sjóvár er skipuð þremur nefndarmönnum sem kosnir eru af stjórn félagsins. Hlutverk nefndarinnar er einkum að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningskila, áhættustýringu og virkni innra eftirlits. Endurskoðunarnefndir Sjóvár og Sjóvár lífs skipa Hildur Árnadóttir formaður sem jafnframt situr í stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf., Anna Birgitta Geirfinnsdóttir og Friðrik Halldórsson. Nefndarmenn eru óháðir Sjóvá og Sjóvá lífi og óháðir endurskoðendum.

Endurskoðunarnefnd fundar að lágmarki ársfjórðungslega og oftast ef þurfa þykir. Nefndin átti sex fundi árið 2022. Fundir voru allir fullskipaðir nefndarmönnum. Að auki átti nefndin árlegan fund með stjórnnum Sjóvár og Sjóvár lífs og innri og ytri endurskoðendum um áhættustýringu og innra eftirlit. Nefndin fundaði einnig með forstjóra Sjóvár. Helstu umfjöllunarefni nefndarinnar voru yfirferð árshlutauppgjöra og ársreiknings, umfjöllun um áhættustýringu og rýni starfsreglna, kynning á útreikningi vátryggingaskuldar, rýni

áhættuskýrslu, rýni ORSA ferlis, yfirferð skýrslu regluvörslu, yfirferð skýrslu ytri og innri endurskoðenda og eftirlit með viðbrögðum stjórnenda tengdum athugasemdum þeirra. Endurskoðunarnefnd endurskoðaði á árinu starfsreglur sínar, fylgdist með framgangi undirbúnings innleiðingar IFRS 17 reikningsskilastaðalsins, hafði eftirlit með störfum og framgangi innri og ytri endurskoðunar, kynnti sér stöðu gæðamála og stöðu úrbótaverkefna vegna innri og ytri úttekta, svörun erinda og skýrsluskil til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og tilhögun upplýsingagjafar stjórnenda til stjórnar auk þess sem nefndin lagði mat á eigin störf. Áhersla innri endurskoðenda á árinu var á verklag og eftirlitsaðgerðir í sölu og ráðgjöf, verklag og eftirlitsaðgerðir í tjónavinnslu, aðgangsstýringu og aðgreiningu starfa og móttöku og varðveislu persónugreinanlegra gagna, auk árlegrar úttektar á upplýsingatækni og stjórnarháttum.

### Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri Sjóvár lífs er Hermann Björnsson sem jafnframt er forstjóri Sjóvár. Hermann er fæddur 15. febrúar 1963, til heimilis í Reykjavík. Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins samkvæmt stefnu og fyrirmælum stjórnar, sbr. 2 mgr. 68 gr., hlutafélagalaga. Hermann hefur verið forstjóri Sjóvár frá október 2011 og framkvæmdastjóri dótturfélagsins, Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. frá því í apríl 2021. Hermann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1990 og hóf þá störf hjá Íslandsbanka hf., fyrst í lögfræðideild og síðar sem forstöðumaður rekstrardeildar. Árið 1999 varð Hermann forstöðumaður útibúasviðs Íslandsbanka og síðar aðstoðarframkvæmdastjóri þess. Hermann starfaði sem aðstoðarframkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Kaupþings banka hf. frá 2006 og var framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka hf. frá árinu 2009. Hermann hefur á síðustu árum gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum, m.a. setið í stjórnnum Viðskiptaráðs, Fjölgreiðslumiðlunar ehf., Kreditkorta hf., Lífeyrissjóðs bankamanna og líftryggingafélagsins Okkar lífs hf. Hann situr í stjórn Samtaka fjármála fyrirtækja og í fulltrúaráði Samtaka atvinnulífsins.

### Niðurlag

Stjórnarháttayfirlýsing þessi hefur verið sett saman af stjórn Sjóvár lífs eftir bestu vitund. Henni er ætlað að veita greinargóðar upplýsingar um stjórnarhætti félagsins til viðskiptavina, hluthafa, eftirlitsaðila og annarra hlutaðeigandi.

**Staðfest af stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf.**

**23. janúar 2023**